

Grindavíkurbær
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík 19. júní 2019
UST201906-162/D.F.J.

Efni: Vegna náttúruspjalla í Helgafelli

Þann 18. júní barst Umhverfisstofnun ábending um náttúruspjöll sem unnin höfðu verið á móbergsklappir í Helgafelli suður af Hafnarfirði. Nöfn og myndir höfðu þar nýlega verið rist í bergið.

Umræddar áletranir er brot á 71. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, er kveður á um að hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar og varða refsingu skv. 90. gr. laganna.

Um er að ræða eitt vinsælasta útivistarsvæðið á Höfuðborgarsvæðinu, en svæðið er innan Reykjanesfólkvangs. Fjölmarginir leggja leið sína á fjallið á degi hverjum og eru áletranir í allra augnsýn sem gæti virkað hvetjandi fyrir aðra til að gera slíkt hið sama. Því óskar Umhverfisstofnun eftir því að Reykjanesfólkvangur afmái umræddar áletranir og er stofnunin reiðubúin í að aðstoða við þá vinnu.

Virðingarfyllst



Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur



Hlín Gísladóttir
sérfræðingur